

|            |            |
|------------|------------|
| Mótt.dags. | 01.10.2015 |
| Málalykill |            |
| Mál nr.    | 1510006    |



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068

postur@mm.is · menntamálaráðuneyti.is

Sveitarfélagið Garðabær  
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Reykjavík 30. september 2015

Tilv.: MMR15011988/6.14.2-

Vísað er til úttektar Námsmatsstofnunar á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ sem fram fór haustið 2014. Niðurstöður úttektarinnar liggja nú fyrir og fylgir skýrslan hjálaga.

Í niðurstöðuskýrslu kemur m.a. fram að Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ er sjálfstætt starfandi skóli sem rekinn er af Hjallastefnunni ehf. Barnaskólinn hafi tekið til starfa árið 2003 en árið 2010 hófst kennsla á miðstigi í sérstöku húsnæði á sömu lóð og árið 2012 hafi Vífilsskóli orðið að sjálfstæðri starfseiningu, en opinberlega er um einn skóla að ræða með tveimur skólastjórnendum.

Þá vill ráðuneytið einnig benda á að á vefsíðu Vífilsskóla stendur að hann sé sjálfstætt starfandi grunnskóli sem hafi hafið starfsemi 2010 og verið gerður að sjálfstæðri einingu haustið 2012. Einnig má vísa í nýlegt afmælisrit Samtaka sjálfstæðra skóla, þar sem fram kemur að Vífilsskóli í Garðabæ, miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ, hafi verið gerður að sjálfstæðum skóla árið 2012.

Af þessu tilefni vill ráðuneytið árétt að Barnaskóli Hjallastefnunnar í Garðabæ hlaut viðurkenningu árið 2003 og tók til starfa sama ár á grundvelli viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis. Árið 2012 samþykkti ráðuneytið áframhaldandi uppbyggingu Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ þannig að næstu þrjú árin yrði bætt við kennslu innan skólans fyrir einn árgang ár hvert. Ekki var staðfest af ráðuneytinu sérstök viðurkenning fyrir þessa viðbót við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ.


Að áliti ráðuneytisins er því rekstur tveggja sjálfstæðra starfseininga grunnskóla á grundvelli þeirrar viðurkenningar sem veitt var Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ ekki í samræmi við lög um grunnskóla.

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari breytingum er sveitarfélögum gert að gera þjónustusamninga við skóla sem falla undir 43. gr. grunnskólalaga. Í samningi skulu koma fram atriði er varða áherslur í starfsemi skólans, mat og eftirlit með gæðum, fjárhagsleg samskipti og atriði sem varða gildi samnings, þar á meðal um reynslutíma. Þá skal í samningi tekin afstaða til þess hvort rekstraraðili hafi heimild til gjalddtöku af foreldrum og að hvaða marki heimildin tekur til kennslu og skólamáltíða. Enn fremur skal gengið frá fyrirkomulagi sérfræðipjónustu og skólaaksturs, ef við á. Grunnskóli með viðurkenningu ráðuneytisins á rétt á því að sveitarstjórn geri við hann þjónustusamning. Þessi atriði eru útfærð nánar í reglugerð nr. 699/2012 um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólahald samkvæmt erlendra eða alþjóðlegri námskrá og námsskipan.

Með tilliti til ofangreinds og ábyrgðar sveitarfélagsins á eftirliti með grunnskólum sem reknir eru í sveitarfélaginu óskar ráðuneytið eftir afstöðu þess til málsins. Sérstaklega er óskað upplýsinga um hvort sveitarfélaginu hafi verið kunnugt um það fyrirkomulag sem viðhaft er með rekstri tveggja aðskilda starfseininga í nafni einnar viðurkenningar. Þá er óskað upplýsinga um það hvort sveitarfélagið sé með þjónustusamninga við báða þá skóla sem hér um ræðir. Mikilvægt er fyrir ráðuneytið að fá afstöðu sveitarfélagsins til þessara mála áður en frekari viðbrögð ráðuneytisins verða ákveðin. Sveitarfélagið hefur frest til 16. október nk. til að bregðast við erindi þessu.

Þá tilkynnist að ráðuneytið mun næstu daga senda sveitarfélaginu bréf þar sem úttektarskýrslunni verður að öðru leyti fylgt eftir á hefðbundinn hátt, þar sem vakin er athygli á niðurstöðum skýrslunnar og óskað eftir tímasettri umbótaáætlun um hvernig brugðist verði við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í skýrslunni.

Fyrir hönd ráðherra

  
Stefán Baldursson

  
Gunnar Arnason